



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 3.5 2019
Tilvísun: 201904-0041

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 770. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en vill þó láta í ljósi þá skoðun sína, að aðsetri Félagsdóms verði ekki hagað þannig að til verulegs kostnaðarauka verði fyrir aðila þeirra mála sem fyrir dóminum eru rekin. Oft á tíðum þarf og að kalla dóminn saman með skömmum fyrirvara og honum skylt að ljúka störfum í tilteknum málum innan mjög stuttra fresta. Til þessa ber að taka tillit þegar framtíðar aðsetur dómsins verður ákveðið.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2019

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Þingskjal 1227 – 770. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent BHM til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 770. mál. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 1. másl. 38. gr. verði ekki lengur kveðið á um að aðsetur Félagsdóms skuli vera í höfuðstað landsins. Er þetta lagt til þar sem mikilvægt þykir að unnt sé að finna Félagsdómi aðsetur utan Reykjavíkur þyki sú tilhögun henta starfsemi dómstólsins.

Í óformlegum samskiptum við félagsmálaráðuneytið, þegar efni frumvarpsins var kynnt BHM, kom fram af hálfu BHM að bandalagið teldi ástæðulaust að útvíkka ákvæði laganna um aðsetur Félagsdóms jafn mikið og lagt er til í frumvarpinu. Að mati BHM er rétt að binda aðsetur Félagsdóms við höfuðborgarsvæðið með sama hætti og til dæmis er kveðið á um aðsetur Umhverfisstofnunar í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2002. Á höfuðborgarsvæðinu eru allir aðilar vinnumarkaðarins með sínar höfuðstöðvar og því rökrétt að félagsdómur sé þar staðsettur.

BHM er mótfallið frumvarpinu óbreyttu en leggur til að 1. másl. 38. gr. laganna orðist svo: Á höfuðborgarsvæðinu skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið.

Virðingarfyllst f.h. BHM,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM



Nefndasvið Alþingis
Velferðarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2019

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 770. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. BSRB hefur skilning á því að Félagsdómur geti þurft að vera annars staðar en í Reykjavík, en í ljósi eðli starfseminnar er æskilegt að dómstóllinn sé áfram á höfuðborgarsvæðinu. BSRB tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Alþýðusambands Íslands um að gæta að hagkvæmnis- og kostnaðarsjónarmiðum fyrir þá aðila sem reka mál fyrir dómnum.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu kynnti Félagsmálaráðuneytið aðilum vinnumarkaðarins efni frumvarpsins áður en það var lagt fram á Alþingi. Var ráðuneytinu þá bent á þessi sjónarmið en engar breytingar urðu þó á frumvarpinu. BSRB leggur því til að annað hvort verði kveðið á um að dómstóllinn verði á höfuðborgarsvæðinu, mögulega með því að telja upp þau sveitarfélög sem þar eru, eða þá að sett verði bráðabirgðaákvæði sem heimilar að dómstóllinn sé utan Reykjavíkur í tiltekinn tíma, á meðan framtíðarhúsnæði er fundið. Vísast um þetta til bráðabirgðaákvæðis VII. í dómstólalögum um Landsrétt, þar sem kveðið er á um að dómstóllinn geti, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um staðsetningu Landsréttar í Reykjavík, haft aðsetur utan Reykjavíkur fram til 2022.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading "Dagný Aradóttir Pind".

Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur